

## Háskóli Íslands og Félag háskólakennara (FH)

Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 16 nóv. 2015

### Kafli I, akademísk launatafla

#### 1. Aðjúnktar 1, lektorar og dósentar. Röðun í launaflokka og launþrep

Aðjúnktar 1, lektorar og dósentar raðast í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 1A, sbr. samkomulag um breytingar á kjarasamningi FH við fjármála- og efnahagsráðherra. Gildistaka er hin sama og breytingar á kjarasamningi við ríkisvaldið. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 1A

Aðjúnkt 1, lektor og dósent			
Heildarstig	Rannst.	Kennslust.	Lfl.
<50	-	-	4-0
50	-	-	5-0
100	50	-	6-0
150	80	-	7-0
200	120	-	8-0
400	270	100	9-0
600	400	120	10-0
900	550	150	11-0
1.200	750	180	12-0

Röðun í launþrep 0-7 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 1B. Röðun í launþrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Við gildistöku nýs kjarasamnings 2015 raðast aðjúnktar 1, lektorar og dósentar í 0. launþrep óháð launaflokki og hefst stigatalning samkvæmt töflu 1B frá 1. janúar 2015 og kemur fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 1B

Launþrep	0	1	2	3	4	5	6	7
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa aðjúnkta 1, lektora og dósentar á milli launaflokka og launþrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustig.

#### 2. Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn. Röðun í launaflokka og launþrep

Hin akademisku starfsheiti; sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður raðast í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 2A, sbr. samkomulag um breytingar á kjarasamningi FH við fjármála- og efnahagsráðherra. Gildistaka er hin sama og breytingar á kjarasamningi við ríkisvaldið. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Handwritten signature and initials.

Tafla 2A

Heildarstig	Sérfræðingur, fræðimaður, vísindamaður		Lfl.
	40%	60%+	
<50	-	-	3-1
50	-	-	4-1
100	50	60	5-1
150	80	90	6-1
200	120	140	7-1
400	270	320	8-1
600	400	480	9-2
900	550	720	10-2
1200	750	960	11-2
1600	1000	1280	12-1
2000	1500	1600	13-1

Röðun í launaprep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2B. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Við gildistöku nýs kjarasamnings 2015 raðast sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn í 1. eða 2. launaprep eins og sýnt er í töflu 2A og hefst stigatalning samkvæmt töflu 2B frá 1. janúar 2015 og kemur fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig ársins 2015. Þeir sem raðast í 2. launaprep fara í 3. launaprep við 50 stig, í 4. launaprep við 100 stig o.s.frv.

Tafla 2B

Launaprep	1	2	3	4	5	6	7	8
<50	50	100	150	300	450	600	800	

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka og launaprepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsmanna skv. rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launaprep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á rannsóknastig.

### 3. Nýdóttarar

Þeir sem ráðnir eru í fullt rannsóknastarf á sérsviði sínu sem nýdóttarar eiga kost á að fá störf sín metin samkv. matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá í launatöflu eins og akademískir sérfræðingar fræðimenn og vísindamenn.

### Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaprep

Stofnanasamningur þessi miðast við matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 1A, 1B, 2A og 2B endurskoðaðar af aðilum samningsins.

### 4. Yfirvinna

Hámark yfirvinnu kennara (sbr. tl. 1) og sérfræðinga (sbr. tl. 2) á mánuði er eins og fram kemur í töflu 3, starfsmanni er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 3, yfirvinnuþak

Launaflokkar:	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Yfirvinna alls á ári:	696	696	672	648	624	540	540	540	468	420	420

Yfirvinnuþakið nær til hámarks fjölda yfirvinnustunda á ári, þar af getur þjónustuyfirvinna numið að hámarki 200 klst. Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu, svo sem yfirvinnu vegna kennslu, er fastur taxti 0,615% af launaflokki 11-0, þó ekki lægri upphæð en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.

## Kafli II, almenn launatafla

Þeir félagsmenn í Félagi háskólakennara sem falla ekki undir kafla 1 og starfa m.a. við stjórnslu og stoðþjónustu raðast til launa í samræmi við hina almennu launatöflu, sbr. samkomulag um breytingar á kjarasamningi FH við fjármála- og efnahagsráðherra. Þær forsendur sem ráða röðun í launaflokka og launaþrep eru óbreyttar. Gildistaka er hin sama og breytingar á kjarasamningi við ríkisvaldið.

Reykjavík 17. nóvember 2015

f.h. Háskóla Íslands

Guðm. R. Jónsson  
Jenny Jónsd.  
Linn Þórunn

f.h. Félags háskólakennara

Jónína Árné  
Báhlín Þórh.  
Súga Björna Trígmd.